

Nd.

304. Frumvarp til laga

[112. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Jónas Rafnar.

1. gr.

5. tölul. 3 mgr. 5. gr. laganna orðist svo:  
Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings  
sins.

2. gr.

Orðið „skriflega“ í 11. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna falli burt.

3. gr.

- Í stað orðsins „skriflega“ í 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. laganna komi: yfir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Þegar lög nr. 85/1936 voru sett, var svokölluð gestaréttarmeðferð mála úr lög-  
um numin. Aðaleinkenni hennar var það, að dómari leitaði sjálfur sátta, ef stefn-  
andi átti heima utan þeirrar þinghár, þar sem farið var með málið. Stefnandi losn-  
aði við þá fyrirhöfn og þann kostnað að setja málið fyrst fyrir sáttamenn. Þetta  
hagræði tapaðist við afnám gestaréttarmeðferðar. Afleiðing þessa er sú, að mönn-  
um eru gerð mikil óþægindi og jafnvel fullkomin réttarspjöll. Eitt dæmi, sem  
raunverulega hefur gerzt, ætti að sýna þetta.

Ræktunarsamband nokkurra hreppa á Suðurlandi átti jarðýtu. Þessa jarðýtu  
seldi það ræktunarsambandi nokkurra hreppa á Norðausturlandi. Jarðýtan var  
flutt til kaupanda, en kaupverðið var ekki greitt út í hönd. Þegar seljandi fór að  
krefja um kaupverðið, vildi kaupandi ekki greiða. Taldi hann jarðýtuna gallaða  
og að hún hefði hlotið að vera það, þegar kaupin gerðust. Ekkert mat fór þó fram.  
Seljandi leitaði aðstoðar málflutningsmanns í Reykjavík. Tilraunir hans til að fá  
kaupverðið greitt báru engan árangur. Hann fór þá fram á við kaupanda, að fá að  
höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Kaupandi neitaði. Þetta kostaði auka-  
ferð málflutningsmanns til sáttanefndar á Norðausturlandi. Það hefði eins getað  
verið norður í Trékyllisvík. Síðan þurfti að stefna fyrir dóm og fara aðra ferð í  
sama hrepp á Norðausturlandi.

Lagabreyting þessi leiddi því til óþarfa kostnaðar og erfiðleika. Og ef kröfur  
eru litlar, getur borgað sig betur að tapa þeim en leggja í svo fjarstæðan kostnað.

Hér er farið fram á að kippa þessu í lag. Ástæðulaust er að gera mun á varnar-  
aðilum og sóknaraðilum að þessu leyti, og upptalning sú, sem nú stendur í tölulíðn-  
um, er villandi, enda er henni ekki beitt.

Um 2. gr.

Í greinargerð fyrir frumvarpi að lögum nr. 85/1936, 5. gr., 11. tölulíð, segir:  
„Þar, sem aðilar hafa, áður en málið var þingfest, komið sér saman um að forðast  
tafir og kostnað af sáttaumleitunum fyrir sáttanefnd, virðist eðlilegt að leyfa þeim  
að leggja málið beint undir sáttatilraun dómarans. Samningurinn getur verið munn-  
legur, ef hann er aðeins viðurkenndur eða sannaður fyrir dómara, þegar mál er  
þingfest, en hins vegar er eigi nægilegt, að hann sé gerður eftir þingfestingu.“

Hér er berum orðum sagt, að samningur geti verið munnlegur. Virðist því  
orðið „skriflega“ hafa slæðzt inn fyrir misritun eða prentvillu. Það er talinn kostur  
á lagasetningu Íslendinga og fleiri þjóða, að loforð séu óformbundin. Loforð er  
jafngilt, þótt það sé munnlegt. Undantekningar, t. d. vixlar, eru alveg sérstaks eðlis  
og staðfesta regluna.

Um 3. gr.

Engin ástæða virðist til að vantrosta dómara til að fá yfirlýsingu aðila um það,  
hvort unnt muni vera að sættast fyrir sáttamönnum. Málflutningur er orðinn munn-  
legur, og þarf því dómari að taka við mörgum yfirlýsingum aðila, þótt munnlegar  
séu. Má ætla, að óþarft sé, að þessi yfirlýsing sé skrifuð á blað.